

Fundarmenn: Helga Kristín Gunnarsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir (formaður), Þóra Sigurbjörnsdóttir og Áslaug Þorfinnsdóttir (fundarritari).

Einnig sátu fundinn Hallfríður Kristjánsdóttir, gæðastjóri Gegnis, og Sigrún Hauksdóttir, þróunarstjóri Gegnis.

1. Fundargerð síðasta fundar var lesin og samþykkt.
2. Myndhöfundur

Erindi frá Áslaugu. Í framhaldi af síðasta skráningarráðsfundi og umræðu um hlutverkin Höfundur, Myndhöfundur, Myndskreyting og Myndlistarmaður hafa Áslaug og Berglind Hanna Jónsdóttir, Landsbókasafni, skoðað hlutverkalista í rda skráningarreglunum og hlutverkaheiti í Handbók skrásetjara Gegnis.

- Listamenn sem leggja til myndefni í bækur geta ekki fengið hlutverkaheitið höfundur miðað við skilgreiningar í rda skráningarreglunum.
- Miðað við breytta orðræðu þykir við hæfi að breyta hlutverkinu Myndskreyting í Myndhöfundur og bæta við skilgreiningu í Hlutverkaheiti í Handbók skrásetjara Gegnis.
- Heimilt er að nota hlutverkið Myndlistamaður ef um er að ræða teiknimyndasögur og er það í samræmi við skráningu á slíku efni í öðrum bókfræðigrunnum

Hallfríður mun sjá um að laga listana í Handbók skrásetjara og breyta Myndskreyting í Myndhöfundur í Gegni. Hún mun senda út tilkynningu á Vöndu þegar þetta er komið.

3. Önnur mál

Sigrún sagði frá vinnu við innleiðingu Ölmu. Það er búið að setja upp kerfið og hlaða inn gögnum. Nú þarf að skoða hvort að gögnin séu rétt og

hvort að þau hafi ratað á réttan stað. Innleiðingarfundur verða í þessari viku og munu hópar sérfræðinga yfirfara gögnin.

Hallfríður sagði frá breytingu er varðar nafnmyndaskráningu. Í 100 sviði verður bara einn strengur í deilisviði a. Þegar færsla er vistuð verður til svið 99X með þremur deilisviðum. Þá verður hægt að raða íslenskum nöfnum rétt í Primo.

Næsti fundur er áætlaður 14. september kl. 9:00